



NÁTTÚRUSTOFA
Norðurlands vestra

Náttúrustofa Norðurlands vestra á
Sauðárkróki

Þorsteinn Sæmundsson

NNV-2000-001
Ágúst 2000

Náttúrustofa Norðurlands vestra á Sauðárkróki

Dr. Þorsteinn Sæmundsson, forstöðumaður Náttúrustofu Norðurlands vestra

Náttúrustofa Norðurlands vestra tók til starfa í febrúar síðastliðin, eftir um tveggja ára undirbúningstíma. Stofunni var valin staður á Sauðárkróki og fékk glæsilegt húsnæði til afnota fyrir starfsemi sína, en það er "Gamli barnaskólinn" við Aðalgötu 2. Húsið, sem var reist árið 1908, hefur verið gert upp í nánast upprunalegum stíl. Sú aðgerð hefur tekist í alla staði vel og er þeim fjölmörgu sem stóðu að því verki til mikils sóma. Við endurgerð hússins var tekið tilliti til þess hvers konar starfsemi ætti að fara þar fram og er ekki annað hægt að segja að sú hönnun hefur tekist vel. Greinilegt er að mikill metnaður hefur verið settur í starfsemi Náttúrustofu Norðurlands vestra af hálfu sveitafélagsins.

Dr. Þorsteinn Sæmundsson jarðfræðingur ráðinn forstöðumaður stofunnar og fluttist hann til Sauðárkróks ásamt fjölskyldu sinni frá Reykjavík.

Frú Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra opnaði stofuna formlega þann 9. maí að viðstöddu fjölmenni.

Saga náttúrustofa á Íslandi

Saga náttúrustofa á Íslandi er ekki löng og er Náttúrustofa Norðurlands vestra fimmta stofan sem stofnsett er. Fyrsta stofan var sett á laggirnar árið 1995 og þjónar hún Austurlandi. Henni var valin staður á Neskaupstað og er Dr. Guðrún Áslaug Jónsdóttir líffræðingur forstöðumaður þar. Árið 1996 var síðan stofnuð Náttúrustofa Suðurlands



Mynd 1. Húsakynni Náttúrustofu Norðurlands vestra í "Gamla barnaskólanum" við Aðalgötu 2. Hann var byggður árið 1908, en hefur nú verið endurbyggður og er miðbæ Sauðárkróks til mikillar þýði.

og var henni valin staður í Vestmannaeyjum. Dr. Ármann Höskuldsson, eldfjallafræðingur veitir henni forstöðu. Þriðja stofan var síðan sett á laggirnar árið 1996 og þjónar hún Vestfjörðum. Henni var valin staður í Bolungarvík og veitir henni forstöðu Dr. Þorleifur Eiríksson líffræðingur. Fjórtða stofan var sett á laggirnar fyrir Vesturland árið 1998 og var henni var valin staður í Stykkishólmi. Dr. Jón Baldur Sigurðsson líffræðingur og fyrrverandi prófessor var forstöðumaður þar, en hann er nú að flytja sig yfir í nýstofnaða stofu sem þjónar Reykjanesi. Henni hefur verið valin staður í Sandgerði.

Rekstrarform náttúrustofa

Hvað er náttúrustofa og hvert er rekstrarform þeirra? Náttúrustofurnar eru reknar í samvinnu ríkis og sveitafélaga. Ríkið greiðir laun forstöðumanns og 50% hlut í stofnkostnaði stofanna. Þau sveitafélög sem koma að rekstri viðkomandi stofu leggja til 50% í stofnkostnað og sjá um rekstur hennar. Stjórn stofanna er skipuð einum fulltrúa ráðherra (ríkisins) og 2 frá rekstaraðila í heimahéraði. Þar sem þetta fyrirkomulag hefur verið virt hefur starfsemi stofanna almennt gengið vel fyrir sig.

Enn sem komið er þá standa Sveitafélagið Skagafjörður og Akrahreppur ein að rekstri Náttúrustofu Norðurlands vestra á Sauðárkróki, en miklar vonir eru bundnar um að fleiri sveitafélög komi smám saman til þátttöku í rekstrinum. Þetta er raunar svipað og annars staðar þar sem náttúrustofur eru reknar, að eitt sveitarfélag hefur tekið að sér reksturinn í byrjun á hverjum stað en sums staðar er samvinna sveitarfélaga um rekstur komin á eða í undirbúningi. Mikilvægt er að sveitastjórnarmenn geri sér grein fyrir mikilvægi stofanna og þeim möguleikum sem þær hafa uppá að bjóða. Vonandi mun þetta greinarkorn varpa ljósi á það.

Hlutverk náttúrustofa

En hvað gera Náttúrustofur? Hvert er hlutverk þeirra?

Tekið er fram í lögum og reglugerðum um náttúrustofur hvert hlutverk þeirra er. Í 11. gr. laga nr. 60 frá árinu 1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur segir að helstu hlutverk náttúrustofa séu:

a. að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúrurannsóknum, einkum í viðkomandi landshluta.

b. að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál.

c. að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga.

Enn frekar er kveðið á um hlutverk náttúrustofa í reglugerðum um viðkomandi stofur. Í reglugerð um skipulag og starfsemi Náttúrustofu Norðurlands vestra á Sauðárkróki nr. 96 frá árinu 1998 er tekið fram að hlutverk Náttúrustofu Norðurlands vestra á Sauðárkróki sé:

a. að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Norðurlands vestra.

b. að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúrurannsóknum og skal einkum lögð áhersla á Norðurland vestra og sérstöðu náttúrufars á þeim slóðum.

c. að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál bæði fyrir almenning, fyrirtæki og í skólum á Norðurlandi

vestra. Skal í þessu sambandi hafa náð samastarf við starfsmenn annarra stofnana sem vinna að sömu málum.

d. að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga á Norðurlandi vestra.

e. að veita sveitafélögum á Norðurlandi vestra umbeðna aðstoð og ráðgjöf á verkswiði stofunnar m.a. vegna verndar og nýtingar náttúrulegra auðlinda, skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda, enda komi greiðsla fyrir.

Svipaðar reglugerðir eru til um aðrar náttúrustofur í landinu.

En hvaða þýðingu hefur tilkoma Náttúrustofu Norðurlands vestra fyrir sveitafélögin á Norðurlandi vestra? Er einhver not fyrir slíkar stofu eða er þetta óþörf pappírstofnun. Þessari spurningu er best að svara út frá reglugerðinni um starfsemi Náttúrustofu Norðurlands vestra.

a. að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Norðurlands vestra.

Í þessum lið er kveðið á um rannsóknarhlutverk stofunnar, sem er án efa mikilvægasta hlutverk hennar. Augljóst er að mikil þörf er á ýmsum grunnrannsóknum hér á landi og hafa minni verk oft setið á hakanum vegna stærri verka og einfaldlega vegna fjárskorts. Með tilkomu stofunnar kemur aukið fé til rannsókna inn í fjórðunginn bæði í formi beinna styrkja frá ríki og sveitafélögunum og í formi rannsóknastyrkja sem starfsmenn stofunnar sækja sér í innlenda og erlenda sjóði. Mikilvægt er fyrir sveitafélög að gera sér grein fyrir að kröfur samfélagsins eru að aukast hvað varðar vitneskju á okkar nánasta umhverfi. Því er mikilvægt fyrir þau að geta haft einhver áhrif á hvaða náttúru-rannsóknir verði stundaðar og ekki síður að fá yfirlit yfir hvaða rannsóknir hafa verið stundaðar í viðkomandi landsfjórðungi.

Lögð verður mikil áhersla á að kynna starfsemi Náttúrustofu Norðurlands vestra erlendis og að hefja samstarf við erlenda vísindamenn. Stefnt er að því að geta boðið jafnt erlendum sem innlendum vísindamönnum og stúdentum aðstöðu til rannsókna á stofunni.

Flestir sem stundað hafa framhaldsnám í náttúrufræðum jafnt sem öðrum fræðigreinum sækjast eftir störfum þar sem þeir geta fengið tækifæri til að sinna rannsóknum á sínu fagsviði. Rannsóknarhlutverk náttúrustofa hefur því mikið aðdráttarafl fyrir hæfa vísindamenn og þannig getur náttúrustofan lokkað vel menntaða náttúrufræðinga til búsetu á Norðurlandi vestra og annars staðar þar sem náttúrustofur starfa. Vel menntað og hæft fólk er einnig undirstaða þess að náttúrustofur geti þjónað fræðslu og ráðgjafarhlutverki sínu almennilega.

b. að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúru-rannsóknum og skal einkum lögð áhersla á Norðurland vestra og sérstöðu náttúrufars á þeim slóðum.

Í þessum lið er kveðið á um söfnun og varðveislu gagna um náttúru Norðurlands vestra. Stefnt er að því að safna saman upplýsingum um náttúrufar á Norðurlandi vestra og reyndar landsins alls og byggja upp öflugt bókasafn þar sem fólk getur leitað sér upplýsinga um náttúrufar, náttúruvernd og aðra þætti í nánasta umhverfi þess. Mikilvægt er að gera öllum kleyft að nálgast þessar upplýsingar á sem aðgengilegastan hátt og stefnt er að því að hafa þessar upplýsingar aðgengilegar í gegnum netið í nánustu framtíð.



Mynd 2. Náttúrustofa Norðurlands vestra hefur látið útbúa auðkenni fyrir stofuna. Það var hannað af Hjördísi G. Bergsdóttur (Doslu) listamanni. Merkið er samsett úr nokkrum atriðum er eru einkennandi í náttúru Skagafjarðar. Efri hluti merkisins er útlínur Tindastóls séð frá Sauðárkróki. Miðhluti þess er útsýni frá Sauðárkróki í norður til Málmeyjar. Þar undir er lárétt stuðlaberg, sem er til dæmis einkennandi fyrir strandsvæðið við Hofsóss og á að vera táknrænt fyrir hin lífvana heim náttúruvísindanna þ.e. jarðvísindi. Í merkinu eru einnig fuglar og fifur sem er táknrænar fyrir lífheim náttúruvísindanna, bæði dýraríkið og jurtaríkið. Til hægri á myndinni teygir sig hönd niður undir stuðlabergið og á hún að tákna hendi móður náttúru.

Í þessum lið reglugerðarinnar er kveðið á um að náttúrustofan skuli stuðla að almenn-um náttúrurannsóknum í fjórðungnum. Með tilkomu Náttúrustofu Norðurlands vestra á Sauðárkrók skapast hvetjandi grundvöllur fyrir slíkar rannsóknir, bæði hjá almenn-ingi og vísindamönnum.

c. að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál bæði fyrir almenning, fyrirtæki og í skólum á Norðurlandi vestra. Skal í þessu sambandi hafa náð samstarf við starfsmenn annarra stofanna sem vinna að sömu málum.

Eitt af hlutverkum náttúrustofanna er að veita almenningi, fyrirtækjum og skólum fræðslu um æskilega landnýtingu, náttúruvernd og ekki síst fræðslu um umhverfismál. Samkomulag er á milli Náttúrustofu Norðurlands vestra og Sveitafélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps að stofan veiti opinberum aðilum innan sveitafélagsins t.d. skólum, fræðslu og ráðgjöf í formi fyrirlestra, verkefna eða aðstoð við sýningar. Á móti kemur að Sveitafélagið Skagafjörður og Akrahreppur leggja til fé í rekstur stofunnar. Æskilegt er að komast að samkomulagi við önnur sveitafélög á Norðurlandi

vestra vegna slíkrar þjónustu, ef þau óska eftir henni, en eru ekki tilbúin að taka fullan þátt í rekstri stofunnar.

Stefnt er að því að á vegum Náttúrustofu Norðurlands vestra verði reglubundin fræðsluerindi um hin ýmsu efni innan náttúruvísindanna yfir vetrarmánuðina, þar sem starfsmenn stofunnar og utanaðkomandi vísindamenn greina frá rannsóknarverkefnum sínum, eða verði með kynningar á hinum ýmsu málefnum á þessu sviði. Það leikur engin vafi á því að það er mikill áhugi fyrir náttúrufærði og umhverfismálum og svona starfsemi getur verið mikil lyftistöng fyrir þá einstaklinga sem áhuga hafa á náttúruvísindum innan héraðs.

d. að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga á Norðurlandi vestra.

Náttúrustofa getur komið með ýmsu móti að fræðslumálum um náttúrufræði innan sveitafélaganna. Til dæmis kennir forstöðumaður stofunnar á Norðurlandi vestra jarðfræði í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki. Mikilvægt er að nýta slíka sérþekkingu á sem viðtækastan hátt innan fjórðungsins. Þótt náttúrustofan sé staðsett á Sauðárkróki er án vafa hægt að finna leiðir til að veita skólum og öðrum aðilum í fjórðungnum þjónustu hennar.

Hvað varðar aðstoð við gerð náttúrusýninga þá getur stofan komið þar að. Mikilvæg er að tengja náttúrustofur við uppbyggingu náttúrugripasafna og eru möguleikar í því sambandi miklir.

e. að veita sveitafélögum á Norðurlandi vestra umbeðna aðstoð og ráðgjöf á verksviði stofunnar m.a. vegna verndar og nýtingar náttúrulegra auðlinda, skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda, enda komi greiðsla fyrir.

Mikilvægt er fyrir sveitafélög að hafa aðgang að sérfræðiþekkingu varðandi náttúrufræði og umhverfismál. Þessi málaflokkur verður sífellt umfangsmeiri og nægir þar að nefna að meta þarf umhverfisáhrif helstu framkvæmda, skipulagsáætlanir verða að taka mið að náttúru og umhverfi og sveitarfélög eru mörg að vinna að Staðardagskrá 21. Það verður því sífellt mikilvægara fyrir sveitarfélögin að hafa í heimahéraði fagstofnun sem mark er tekið á, auk þess sem fjölgun í störfum í landinu vegna þessara verkefna verður þá dreift um landið.

Mannahald og fyrirhuguð verkefni Náttúrustofu Norðurlands vestra

Fyrstu mánuðirnir í sögu Náttúrustofu Norðurlands vestra á Sauðárkróki hafa farið að mestu leiti í að byggja upp starfsemi stofunnar og kynna hana jafnt innanlands sem utan. Lítill tími hefur gefist til að stunda rannsóknir að einhverju ráði, en það stendur þó til bóta því nýr starfsmaður hefur hafið störf á stofunni frá og með 18. október. Mjög mikilvægt er fyrir stofuna að geta ráðið til sín starfsmenn eins fljótt og auðið er til að efla starfsemi hennar. Ekki er þó nauðsynlegt að starfsmaður stofunnar sé endilega bundin við að vera búsettur á Sauðárkróki. Hann getur til dæmis verið staðsettur á Siglufirði, Blönduósi, Hvammstanga eða hvar sem er innan fjórðungsins. Með þessu er hægt að veita öllum almenningi í fjórðungnum auðveldari aðgang að náttúrustofunni og gera hana sýnilegri.



Mynd 3. Frú Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra opnaði Náttúrustofu Norðurlands vestra formlega þann 9. maí að viðstöddu fjölmenni. Á myndinni eru, talið frá vinstri Þorsteinn Sæmundsson forstöðumaður, Guðrún Sighvatsdóttir fyrrverandi formaður stjórnar Náttúrustofu Norðurlands vestra, Pétur Pétursson núverandi formaður og Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra (Ljós. Þórhallur Ásmundsson).

Miklar vonir eru bundnar við að ríkið nýti fjárfestingu sína í náttúrustofunum með því að fá þeim rannsóknarverkefni eða þjónustuverkefni. Slík verkefni eru mikil lyftistöng fyrir viðkomandi stofur og einn af grundvöllum þess að auka kjölfestu í starfseminni. Einnig er það lyftistöng fyrir byggðalögin þar sem slíkt fjölgar stöfum á náttúrustofunum og eykur atvinnumöguleika náttúrufræðinga á landsbyggðinni. Þetta ætti þannig að falla vel að hugmyndum ríkisstjórnarinnar um flutning verkefna og starfa á vegum ríkisins til landsbyggðarinnar.

Á Náttúrustofu Norðurlands vestra hefur verið ákveðið að ráðast í nokkur stærri rannsóknarverkefni fljótlega. Þau eru til dæmis jarðfræðikortlagning á umhverfisbreytingum sem urðu í lok síðustu ísaldar í Skagafirði. Það verkefni er unnið í samvinnu við Háskóla Íslands. Einnig er stefnt er að því að hefja rannsókn á Orravatnsrústum á Hofsafrétt næsta sumar og er verið að leita fjármögnunarleiða í því sambandi. Á döfinni er ýmis ofanflóðaverkefni sem unnin eru í samvinnu við Jarðfræðistofnun Noregs (NGU), setur Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri og aðra aðila. Þessi verkefni eru öll jarðfræðilegs eðlis, en hugmyndir um margskonar önnur verkefni hafa vaknað.

Niðurlag

Eins og sést á upptalningunni hér á undan þá er hlutverk náttúrustofa fjölbreytt og að mörgu leiti opið sem gefur þeim mikla möguleika á að byggja upp öfluga starfsemi eftir því sem hentar á hverjum stað. Það er þó ljóst að hver stofa getur ekki ráðið starfsfólk til að spanna sérfræðipækkingu á öllum sviðum náttúruvísindanna. Í dag hefur starfsemi hvernar stofu mótast að mestu leiti af sérmenntun forstöðumanns viðkomandi stofu. Þar sem starfsmönnum hefur fjölgað hefur verksvið stofanna víkkað nokkuð, en óráðlegt er að byggja of fjölbreytta starfsemi á hverri stofu fyrir sig. Því er mjög mikilvægt að stofurnar starfi í nánú samstarfi sín á milli og jafnframt hafi góð tengsl og samstarf við aðrar stofnanir í landinu.

Mikilvægt er að tryggja núverandi rekstrarform stofanna sem byggir á að bæði ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á náttúrustofunum. Það er hlutverk ríkisins að stunda skipulagðar grunnrannsóknir á náttúru Íslands og á því sviði hefur ríkisvaldið tækifæri til að styðja starfsemi náttúrustofa og jafnframt því að nýta fjárfestingu sína í þeim betur og byggja upp opinber störf utan Reykjavíkursvæðisins.

Styrkur náttúrustofanna er og verður fyrst og fremst sá mannauður sem þar starfar. Mikilvægt er að stofurnar geti ráðið til sín hæft starfsfólk en til þess þurfa þær bæði að hafa tryggtan fjárhagsgrundvöll og spennandi verkefni.

Náttúrustofurnar eru enn að stíga sín fyrstu skref. Mikilvægt er að hlúa vel að uppbyggingu þeirra og að gera sér grein fyrir þeim miklu möguleikum sem þær bjóða upp á. Með uppbyggingu á starfsemi af þessu tagi á landsbyggðinni er verið að stíga stórt skref í jákvæðri byggðarþróun. Mikilvægt er að hefta ekki slíkan vaxtarsprotu en sjá til þess að hann hafi frelsi og svigrúm til að dafna á sem flestum sviðum. Það getur bæði skilað blómlegri vísindastarfsemi til hinna dreifðu byggða og aukinni fjölbreytni í náttúrufræðirannsóknum í landinu.

Náttúrustofa Norðurlands vestra

Aðalgata 2 Pósthólf 112 550 Sauðárkróki Sími 453 7999 Fax 453 7998

Netfang natturustofa@krokur.is Heimasíða <http://www.krokur.is/~nstofa>